# Bréf til Önnu og Hjalta frá Kollu, janúar til febrúar 1970, ljósrit

Bjarni Benediktsson – Bréf til Önnu og Hjalta frá Kollu, janúar til febrúar 1970

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-3, Örk 10

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sydney. 25 feb. 70

Elsku amma mín og Hjalti
þakka ykkur innilega fyrir bréfin, sem ég fékk í gær. það var
mér vel þegið og allt lesið upphátt. meyr að segja auglýs-
ingar sem sáust. En mikið er búið að vera kalt heima. Einn
fékk ég bréf frá systir minni á þegar. Og þar er atvinnuleysi
svo mikið. þetta er náttúrlega allt annað en hér er. Hér
er alltaf sólskin og gott veður. en er aðeins farið að kólna
núna. hásumarið liðið. og nóg atvinna. það er svo mikið af
allskonar verksmiðjum hér. Einar hefur það gott á sprautu-
verkstæðinu. hann hefur 70 $ á viku fyrir 40 tíma. svo er
alltaf eftirvinna hann byrjar á morgnana kl. $7^{30}$ og kem
heim kl 6. semsagt 2 tíma eftirvinna. hann er ½ tíma á
milli að keyra. svo getur hann unnið fram að hádegi á
laugardögum. En það er búið að vera frekar lítið undan-
farið. svo það er svo erfitt að vinna mikið eftirvinnu. En hann
hefur fengið útborgað eftir vikuna þetta 74-93 $ sem er
í íslenskum peningum. 7400-9300 kr. Og er það mjög gott
Við erum ekki flutt enþá. En það er búið að lofa okkur
vagninum núna um helgina. Einar er búin að skrifa undir
samninginn. vagninn kostar 3800 $. við borgum 1000 $ og
svo borgum við hann upp á 3½ ári. það verða 20 $ á viku
svo erum við búin að ákveða okkur með staði. En þau
eru öll svo. Og misjafnlega dýr eftir því hvar þau eru
staðsett. en það kostar þetta frá 9-17 $ á viku. Og þetta
sem við verðum á kostar 11 $ á viku með rafmagni, sem
er það ódýrasta. því það sem er á 9 $ er fyrir utan rafmagn
svo þið sjáið þetta verða 31 $ á viku í vagninn. svo er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fødið sirka 30 $. svo það ætti að vera hægt að leggja eitthvað
fyrir þegar við erum búin að koma okkur fyrir. En okkur
vantar nú ýmislegt svona fyrst í stað því það var svo lítið
sem við komum með. Okkur vantar allt potta, pönnur, hnífa
jafnsagt allt í eldhúsið. Við vorum svo vitlaus að láta þetta
allt frá okkur. Við höfðum átt að láta senda þetta á eftir okkur
með skipi. En við reiknuðum ~~...~~ bara ekki með að þurfa
að vera svona lengi í Hostelinu. Svo þá höfðum við ekki getað
beðið eftir því. Og það var það sem við gerðum heima ráð fyrir.
Jæja hvað um það. Þetta er nú allt að breytast hjá [illegible]
Við erum farin að rata töluvert um og förum alltaf á
hverjum sunnudegi eitthvað út að keyra. Um daginn
fórum við á kappaksturskeppni. Hjalti og Ingibjörg urðu dauð
hrædd og örguðu upp yfir sig þegar bílarnir þutu fram
hjá en mér fannst svo gaman. Ég var bara með hálsríg
daginn eftir. Það liggur við að maður fari úr hálsliðnum
þegar maður lítur svona snögg til hliðar. Þegar fólkið fer
á svona keppni (þarna á sama stað eru kappreiðar líka)
þá kemur það með stóla, stórar sólhlífar og nestistöskur. Og
er svo þarna allan daginn. En fólk er mjög hjálplegt í öllu
hér og ástralíu. Bara yfirleitt mjög alúðlegt fólk. og sérstaklega
gott að spyrja það til vegar. En það höfum við Gunna
svo oft reynt þegar við erum að fara eitthvað einar.
Ég fór með Gunnu um daginn niður í sjálfa borg og fórum
með lest. Var ég ekki búin að segja ykkur að Gunna væri
ófrísk. Hún er komin 4½ mán - 5 á leið. En karlinn hennar
er að reyna að koma, hann er í Keflavík. En af því hún er
svona og með lítið kaup eða sem nær ekki 40 $ á viku
fór hún frá tannviðgerðum. Og fórum við það um daginn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en þetta er gríðalega stór spítali sem er bara tannlækna-
spítali upp á 6 hæðir. Og þarna var Gunna eins og á fo
bandi það voru teknar einar 14 myndir af tönnonum
áður en nokkuð annað var gert. Svo kom niðurstaðan
hún væri með einhverja skemmd í efri gom svo það
þýddi ekki að gera við það. En á að draga allt úr her
ekki samt allt í einu. skifta því. Og setja falskar tenn
upp í strax svo hún yrði ekki tannlaus. Svo verður gerð
heill gómur. og gera við tennur í neðri gom. Og hún þa
ekkert að borga fyrir þetta. Svo fer hún í mánaðarlega
skoðun og er það allt frítt líka. Og ég held að hún þurf
ekki heldur að borga sjúkralegu þegar að því kemur.
og á að fá úr tryggingunum pening þegar hún hættir
að vinna. Annars eru allir á sjúkradeildinni sem hún f
í skoðun svo óskaplega almennilegt við hana. Þetta hefði h
nú ekki fengið heima. Hún gekk nú alltaf til tannlækn
í Keflavík og það var sama hvernig hann gerði við það fo
ekkert. og hún var alltaf svo kvalin eftir að vera búin að v
hjá honum, svo blæddi alltaf úr tannholdinu. En aldrei
minntist hann neitt á að eitthvað væri að. Gunna er
að vinna í mjólkurstöð, sem framleiðir ís og er hún í
ísnum. Það er frekar kalt þarna. og hún fer í bakið við
að standa við þetta allan daginn. Annars er hún frekar
slöpp og alltaf með ógleði. En þetta lagast nú vonandi
þegar hún fer að fá betri mat. En læknar eru nú ekki
hrifnir af hostel fæðinu þegar hún segir þeim að hún sé í
hostelinu. Við reynum nú að bæta þetta upp með ávöxtum
þeir eru svo mikið ódýrari en heima. Og matur yfir leitt
ég hlakka svo til þegar ég fer að kokka. og get bakað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og ég tala nú ekki um krakkana. En mér líkast mér
mest á daginn fyrir það að ég hef ekkert að gera. sét að-
gerðarlaus, þetta eru svo mikil viðbrygði. því heima var
ég alltaf að. en ég hata aðgerðarleysi. Ég hef líka prjónað
nokkrar peysur, sem ég ætla að hafa ef ég get seint þær
ef það yrði sjéns að selja eitthvað þegar fer að kólna. en
garnið hér er dýrara en heima það ~~eg~~ ótrúlegt sé. Ég keypti
heima hespur 50 gr. á 37.50. en hér kosta dokkur sem eru
28 gr. 35 kr. En mig langar nú samt að reyna þetta. því
ég hef svo góðan tíma. En svo verður bara vanda mál
ég get ekki verið í hjólhýsinu með vélina. hún tekur
svo mikið pláss. ég yrði að vera með hana í tjaldinu
en það er óupphitað þegar fer að kólna. svo ég veit
ekki hvernig þetta verður. Jóga amma mín og Hjalti
ég ætla þá ekki að hafa þetta lengra núna. Ég sendi
myndir ef þið hefðuð gaman af. Þær eru teknar um
jólin. Svo langar mig að biðja ykkur um adressuna
hennar Siggu mömmu hans Einars. Hún skrifaði ~~--~~
okkur, og ég var svo óheppin að glata umslaginu
sem adressan var á. Verið þið svo blessuð bæði tvö

ykkar einlæg.

Kolla

það biðja allir innilega að heilsa
og stór kossar frá öllum

Hún kemur sér vel orða bókin.

Og bókina Jónasar las ég um jólin. hún ~~er~~ góð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sydney. ~~7~~ 14-1 '70

Elsku Anna mín og Hjalti.
Þakka þér yndislega fyrir bréfið Anna mín. Það er svo gaman að fá fréttir að heiman það styttir svo bilið milli okkar. Ég hef nú líka fengið bréf frá systur minni á Sigl. og eins frá Sigríði mömmu Einars. Af okkur er allt gott að frétta við höfum verið frísk ekkert orðið um þessa breytingu. nema Hjalti og Ingibjörg kvefuðust smávegis fyrst eftir að við komum Ferðin hingað gekk vel. Það var tekið á móti okkur í London við þekktumst á hvítu merkjunum sem við áttum að næla í okkur. Svo var farið með okkur á þetta fína hótel fengum þar 3 herbergi. með baði og klósetti fyrir hvert herbergi. svo fengum við að fara með rútu, niður miðborg. og okkur sýnt þar það helsta en túlkurinn var bara einn af innflytjendonum og talaði bara þýsku og frönsku svo við höfðum ekki eins not af því sem maður ~~sá~~ sá. En það var samt gaman að þessu. Umhverfið var víða fallegt en margar byggingar hryllilegar og sumar ljótar. ~~og~~ eins þessi gömlu íbúðarhús En við fórum hvergi út úr rútunni. Þetta var á sunnud og kl. 8 30 um kvöldið lögðum við á stað í ferðina

löngu, sem var svo ekkert ýkja löng að manni fanst
því það var alltaf verið að flytja klukkunni. Við stoppuðum
á 3 stöðum fyrst í ~~Ther~~ Teheran en þar fóru bara
Gunna og Friðrik út. Það var svo stutt stopp. flugvélin
hreinsuð og skipt um áhöfn og flugnaeitri sprautað um
allt. Það var alltaf sprautað flugnaeitri um alla vél
þegar við stoppuðum. og eins allt ryksugað. Næst stoppuðu
við í Karachi og þar fórum við öll út. En við ~~sögnum~~ sáum
nú lítið fórum í litla flugstöðvar-bygginguna og gátum
verslað þar í fríhöfn og keypt okkur gos eða eitthvað
Einar keypti sér voða gott ferðaútvarp á £49 og rakvél
ég keypti mér ilmvatn. Fólkið þarna er agalega dökkt
eins og moldin í kringum það. en það var allt svo bert
þarna engin ~~gro~~ gróður. Ólíkt því sem var á næsta
stoppistað í Singapor þar var óskaplega fallegt. Það var
nýbúið að rigna þegar við komum og hitinn var svo
mikill það var svo skrýtið að koma út úr flugvélinni
Maður varð allur þvalur því uppgufunin var svo
mikil, það var því svo hressandi að ~~g~~ koma inn í
flugstöðvar-bygginguna þar. Og þar var líka fríhöfn, þar
fengum við úr handa Friðrik, Bryndís og ég keypti mér úr
Nú svo var haldið áfram og næst var það Sydney
leiðarendi. og spenningur komin í fólkið. En við
vorum 150 innflytendur í þessari flugvél, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var gríðalega stór. Og það var hugsað vel um mann
alla leiðina. En við vorum nú orðin dálítið þreytt
þegar við komum sérstaklega syfjuð. En svo gekk
allt vel í gegnum tollinn. Það var ekkert skoðað
hjá okkur og við óskuðum, svo eftir að fá að fara
á þennan stað sem við erum í því hér bjuggu
og búa íslensk hjón og fengum það. En svo kom nú
óvæntur endir á sælunni. Við urðum svo skúffuð því
innflytenda-íbúðirnar eru ekki skemmtilegar þetta
eru braggar eins og voru heima á stríðsárunum. Í þeim
er ekkert vatn og klósettin smá spölur frá okkur svo
maður þreytist á þessu. að bera vatn heim. og fara
með kopp. því litlu krakkarnir geta ekki farið ein á klósett
og þvott verður maður að þvo í höndunum í ljótum
þvottahúsum. Svo líkar okkur ekki maturinn. og borða
nú ekkert. Við keyptum rafmagnspönnu sem ég steiki
stundum á. en það verður bara dýrt að kaupa mat
og elda því við þurfum að borga fyrir okkur hér
$42 á viku. En höfum fengið frítt uppihald og
Einar hefur fengið atvinnuleysis-styrk sem svarar 5250 kr
fram að þessum degi því í fyrramálið byrjar hann
að vinna. Þeir hafa flest fyrirtæki og verksmiðjur verið
með sumarfrí. En nú þegar Einar byrjar á hann að
fá. $65 á vikukaup. og getur fengið eitthvað í eftir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann er ráðin 1/2 mán í reynslu. En nú þegar hann fer að vin
verður lítið $4/2 á hostelið (innflytjendabúðirnar). Því okkur
finnst þetta mikið því við kaupum líka mat. Svo
við ætlum að koma okkur úr þessu. og við ráðum ekki
við að kaupa hús ekki nema gamalt Og þau eru
léleg gömul hús hér og með útikömrum. Ef við
kaupum hús. þótt Einar hafi fyrir útborgun þá eru
þau það dýr að hann fær ekki lán í banka nóg til
að borga þau út, svo hann yrði að taka okurlán, sem
er lán til 4 ára. svo það yrði svo strangt að borga þetta
hér er borgað vikulega afborganir af húsum og ef ekki
er okurlán með talið þá er það svona $22 á viku nú
við þráum að kaupa innbú með ekki minna en $10 á
viku í afborganir svo mundum við reikna með að fara
með $30 á viku í mat og heimilið svo þá er lítið eftir
í ~~hann~~ annað. Svo við förum út í að kaupa hjólhýsi og
sendi ég myndir af því. það verður tilbúið eftir mán.
(það er vegna sumarfría). Við kaupum það beint úr
verksmiðju og fáum hann á $3300.00 við borgum $1000 út
svo verða svona $16 ~~doll~~ vikulega og $9 fyrir stæði á viku
Í hjólhýsinu höfum við allt, það eru óskaplega smart
flott lítil eldhúsinnrétting með eldavél og bakarofni, ísskáp
og stálvaskur heitt og kalt vatn (hitakútur). Hjónarúm með
öllu nema ~~k~~ sæng (teppi) svo selja þeir 4 kojur breyta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því fyrir okkur. Það er svefnsófi fyrir tvo annars. 4 klæðaskápar
þetta er allt voða smekklegt á myndinni sjáið þið eldhúsið
og inn í svefnherbergið. Það er baðherbergi í elhúsinu sem sést
hjá ís-skápnum. Litla myndin er af kojunum eins og þær
verða. bekkur á daginn. ég má ráða áklæði á öllu og gardínum
og gólfteppi á herbergin. eins rúmteppi. svo verður sett í hann
sjónvarp. og tjöld fyrir framan hann og smíðað í ~~hann~~ það
gól svo þar getur maður haf lítið borð og stóla (garðmubl
og eins geimslu. Það verður þröngt inni en veðrið er yfir-
leitt það gott að flestir eru alltaf úti. Nú eins er ég
ein allan daginn bara með Ingibjörgu og Hjalta, því
það kemur enginn úr vinnu né krakkarnir úr skólanum
fyrr en kl. 4 30/. Þau byrja í skóla 28 jan. En okkur líst
best á þetta. Við getum átt pening í bankanum og ef
við viljum fara heim eftir 2-3 ár þá er það hægara og
höfum við hugsað okkur þá að selja þennan stóra
vagn og kaupa lítinn og fara með hann heim því
við förum með skipi. Ég veit ekki hvernig ykkur líst
á þetta. en það búa margir í hjólhýsum það eru
sér svæði fyrir þessa vagna. Þar eru klósett böð og þvotta
hús með vélum, sem maður fær afnot af. Þar sem
við verðum er 5 min gangur fyrir Bryndísi og Björn í skólann
en Friðrik fer með strætó sem stoppar við svæðið. Eins og
er hugsum við mikið um að fara aftur heim. og það

gera margir íslendinga hér þó að þeir vilji ekki viðurkenna það í bréfum heim. Ég myndi ekki ráðleggja neinum manni með mörg börn að fara hingað nema geta farið með nóga peninga. Það er erfitt að komast áfram. Það er allt í lagi fyrir ungt fólk sem er að byrja það fær hærri laun. Því þetta fer eftir aldri mannsins. En að vera með fullt af börnum og þurfa að kaupa allt það er hægt og maður fær meira fyrir peningana en heima. En það má ekkert útaf bregða að mönnum getur verið sagt upp frá vinnu fyrir vera laus og ýmislegt annað og vera blankur hér hlýtur að vera agalegt. Það búa hér íslensk hjón með 6 börn í maí eiga þau að fara úr hostelinu þá eru þau búin að vera í 1 ár. og ég veit ekki hvað þau ætla að gera þau eiga lítinn pening mér skilst um # 500 sem er lítið. og hann 41 árs. Þau segja okkur að allt sé lygar og svik frá þeim hér. Við höfum nú ekkert orðið vör við þetta ennþá. Okkur aðstoðar ungur ástralskur maður, sem vinnur í banka þar sem við lögðum okkar peninga inn og hann er svo elskulegur við okkur á allan hátt. Hann útvegaði Einari vinnuna og eins hjálpaði til við verkfærin, sem við greiddum # 400 á. og hann fer allt með okkur svo við verðum ekki svikin. Og ég var að segja

við hann að mann sviði nú að heima vildu þeir
fá sem stærstu fjölskyldusnar en svo væri svo erfitt
fyrir þetta fólk að byggja búskap heima, það kom
allslaust. ~~sem~~ nema ef það hefði nógan pening. Og
hann sagðist skylja okkur svo vel, og hann skyldi
reyna að aðstoða okkur á allan hátt. svo við töpuðum
ekki á því. Og það sem komið er hefur hann staðið við
það. Jæja ~~Anna~~ mín og Hjalti. þetta er nú það
helsta af okkur að frétta. Og þó þetta gangi nú svona
þá er margt hér gaman að sjá og fallegt. gróður er
mikill hér allt í kringum mann og borgin alveg
~~ógeðlega stór~~. við búum í einu úthverfinu frá
borginni sjálfri. langt frá sjó við höfum ekki enn
farið á baðströnd rötum ekki. En erum að smá
læra á vegakortið, sem er stór bók margar blaðsíður
ég sit með bókina í kjöltunni og les. Svo segi ég
Einari að aka. hvar hann eigi að beygja og svoleiðis
og um daginn villtumst við niðri borg í ~~á~~ aðalgötunni
þar. og það var eins og að vera komin í miðja London
það var svo hræðilegt allt. það sást ekki til sólar
þótt sól væri. Hér fer sólin og tunglið í öfuga átt
við mann og heima. Jæja nú hætti ég. þið látið heyra
frá ykkur. sem fyrst. ekki senda bréf í express það er svo
dýrt. og er ekkert fljótara ég hef fengið bréf bara venju
lega sent

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir 7-8 daga. Og hingað "mú víst engan mat senda þeir hugsa ekki að koma með hann inn í landið.

Svo megið þið ekki hafa neinar áhyggjur af okkur við reynum að gera allt það besta. okkur líður ekki. krakkarnir una sér vel. Gunni leiddist en hann ætlar víst að koma strákunum, sem hún var með heima. Hann er búin að senda inn pappíra og það gladdi hana nú svo mikið. að heyra þetta. Nú svo treystist þetta nú allt hjá manni.

Meira að segja er maður farin að venjast fjand... kostelina og þá er nú mikið

Verið þið svo blessuð bæði tvö

Biðjum voða vel að heilsa öllum
Bjössa, Friðu, Hönnu. Fjólu og Friðu Og þeim öllum í Kópavoginum eins Kalla.

ykkar einlæg.

Kella

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur